



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ívilnun fyrir vithæfa bíla (US200235).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Tillaga Flokks fólksins að sama ívilnun gildi fyrir vithæfa bíla, þe. 90 mín. frítt í staði í bílastæðahúsum og í götustæði.

Það er ekki rökrétt að bjóða vithæfu bílaeigendum að leggja frítt í staði á götu í 90 mínútur en ekki í bílastæðahúsi. Með því að hafa ekki sömu ívilnun í bílastæðahúsinu eru skipulagsyfirköld að hvetja þessar bílaeigendur að leggja frekar bíl sínum á götu en í bílastæðahúsi.

Hér eru skipulagsyfirköld í mótsögn við sjálfa sig. Þau agnúast út í bílaeigendur sem koma í miðborgina á bíl sínum en gera hins vegar fátt til að hvetja þá til að a.m.k. nýta sér bílastæðahúsin sem eru mörg hver illa nýtt.

Samkvæmt samgöngustjóra (17. 2. 20) er nýting húsa á þessum tíma almennt lítil, 10-15% nýting ef langtímanotendur með mánaðarkort eru taldir með. Engu að síður sjá skipulagsyfirköld ofsjónum yfir lækkun tekna bílastæðasjóðs ef gjaldfrjálst verður í bílahúsin frá kl. 22:00 til kl. 08:00 eins og in af tillögu Flokks fólksins gekk út á. Ef lagt er yfir nótt frá kl. 22:00 að kvöldi og sótt rétt kl. 8:00 morguninn eftir þarf sem dæmi að greiða 1.050 kr. í Stjörnuport, og Vitatorgi en 1.320 kr.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og til umsagnar Bílastæðasjóðs þann 12. ágúst sl.

Umsögn:

Búið er að ganga frá kaupum á nýjum greiðslu- og aðgangsstýringarbúnaði í öll bílahúsin sem settur verður upp á næstu vikum. Að lokinni uppsetningu verður tæknilega mögulegt að veita slíka ívilnun, þó að það gæti orðið flókið í framkvæmd og fæli í sér nokkurn kostnað.

Rétt er að taka fram að í öllum bílahúsum borgarinnar eru hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla,

þar sem nú er boðið upp á frítt rafmagn. Að því leyti er þegar til staðar nokkur ívilnun fyrir eigendur rafbíla.

Ekki er tekin sérstök afstaða til þess hvort veita skuli sérstaka ívilnun fyrir visthæfar bíla í bílahúsum borgarinnar.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Kolbrún Jónatansdóttir
framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs